

# Skýrsla stjórnar



**2023-2024**

Á aðalfundi Skíðafélags Ólafsfjarðar 15.maí 2023 varð sú breyting á stjórn félagsins að Sunna Eir Haraldsdóttir kom inn í stjórn fyrir Rúnar Gunnarsson, við þökkum Rúnari fyrir hans störf í stjórn SÓ.

Á aðalfundinum var eftirfarandi stjórn kjörin og skipti hún með sér verkum eftirfarandi:

Formaður: Kristján Hauksson

Varaformaður: Gunnlaugur Ingi Haraldsson

Gjaldkeri: Gyða Þóra Stefánsdóttir

Ritari: Birna Björnsdóttir

Meðstjórnendur: Elsa Guðrún Jónsdóttir, Hólmar Hákon Óðinsson og Sunna Eir Haraldsdóttir

Stjórn félagsins hittist og fundaði reglulega yfir tímabilið. Einnig fór stór hluti umræðu og ákvarðana fram á facebook síðu stjórnar.

Þjálfarar félagsins voru Jónína Kristjánsdóttir, Tinna Kristjánsdóttir og Elsa Guðrún Jónsdóttir í skíðagöngu. Sunna Eir Haraldsdóttir, Álfheiður Friðþjófsdóttir og Ronja Helgadóttir sáu um alpagreinar. Lyftuvörður var Einar Ingi Óskarsson og Gyða Þóra Stefánsdóttir sá um sölu og afgreiðslu í skíðaskálanum. Troðara maður var Gunnlaugur Ingi Haraldsson.

## **Sumarið 2023**

Jónína Kristjánsdóttir og Elsa Guðrún Jónsdóttir voru með æfingar sl sumar fyrir 12. ára og eldri. Auk útiæfinga var gerður samningur við Hlíð Heilsurækt að sjá um styrktaræfingar. Tvær samæfingar voru í Hæfileikamótun SKÍ í skíðagöngu önnur á Akureyri og hin í Noregi, frá okkur fóru iðkendur á þessar æfingar, þau Árni Helgason, Guðrún Ósk Auðunsdóttir, Karen Helga Rúnarsdóttir og Svava Rós Kristófersdóttir. Hæfileikamótun í alpagreinum voru einnig haldnar og fóru þær Bríet Gunnlaugsdóttir, Hanna Valdís Hólmarsdóttir og Natalía Perla Kulesza á eina æfingu í Oddskarð.

Fjarðarhlaupið var haldið 12.ágúst og voru þátttakendur alls 77 sem komu til okkar í hlaupið. Fjarðarhjólíð var svo haldið 2.september og þangað mættu 45 keppendur til leiks. Við vorum mjög sátt með þátttökuna, landskunnir hlauparar komu til okkar voru alsælir með framkvæmd mótsins og leiðarval. Mikill undirbúningur var fyrir Fjarðarhlaupið þar sem merkja þurfti langa leið, en með aðstoð okkar frábærru sjálfboðaliða gekk þetta vel í alla staði. Fjarðarhjólíð gekk líka ljómandi vel, keppendur mjög ánægðir með mótið og skemmtihjólíð í kringum vatnið tókst ljómandi vel líka.

## **Haust 2023**

Óhætt er að segja að haustið hafi verið gott. Æfingar hófust hjá börnunum í september og voru í umsjón Jónínu Kristjánsdóttur, Tinnu Kristjánsdóttur og Elsu Guðrúnu Jónsdóttir. Góð mæting var á æfingarnar sem voru haldnar úti, inni í íþróttasal og í Hlíð Heilsurækt.

Framkvæmdir voru þó af skornum skammti, lítillega lagfærð snjósöfnunar net í Bárubraut en þau voru óvenju góð eftir sumarið. Í nóvember voru kastarar settir í ljósastaurana við flötina og nokkru síðar var endurnýjaðir kastarar í Tindaöxl.

## **Veturinn 2023-2024**

Veturinn fór vel af stað hjá okkur, 6. desember var búið að troða göngubraut á túninu við grunnskólann og skíðalyftan opnaði 30. desember.

SÓ var með á jólamarkaðnum í ár eins og undanfarið, gáfu þeir gestum og gangandi heitt súkkulaði og piparkökur.

Val á íþróttamanni Fjallabyggðar fór fram 4. janúar í Tjarnarborg og átti skíðafélagið 6 einstaklinga tilnefnda þar

Skíðafélagið var með byrjendanámskeið í skíðagöngu fyrir Fjallabyggð í byrjun janúar sem var vel sótt og bættust nokkrir í fullorðins hópinn okkar eftir það námskeið. Snjóalög í vetur voru okkur ótrúlega hliðholl, þó oft hafi munað mjóu. Snjórinn hékk og við gátum verið með opið í Tindaöxl alveg fram að Andrésarleikum og einnig Bárubraut, flæðar og Bubban alveg fram til sumardagsins fyrsta.

Æfingar gengu mjög vel í báðum greinum. Hópurinn okkar hefur þó því miður þynnst nokkuð í 12 ára og eldri. En í alpagreinum eru aðeins 2 iðkendur og í göngunni 6. Við erum hinsvegar mjög rík í aldrinum 10 ára og yngri en þar hefur orðið flott sprenging í vetur og mikil stemmning hjá yngstu iðkendum félagsins. En í vetur æfðu hjá okkur rúmlega 50 börn á aldrinum 4-18 ára sem verður að teljast mjög jákvætt. Samstarf við SSS jókst á árinu, sérstaklega í alpagreinum en einnig í skíðagöngu. Eldri hópur alpagreina æfði mikið á Siglufirði og gott samstarf var við SSS á bikarmótum SKÍ og einnig á Andrésarleikunum. Iðkendur SSS voru einnig duglegir að mæta til okkar á frábæra fjölskyldudaga sem voru flesta sunnudaga í allan vetur, frábært framtak.

Mótahald gekk vonum framar við góðar aðstæður. Alls héldum við 8 félagsmót í alpagreinum og skíðagöngu. Auk þess héldum við Bikarmót SKÍ í skíðagöngu við frábærar aðstæður í febrúar og var mikil ánægja með það mót.

Fjarðargangan var glæsileg þar sem störtuðu hjá okkur 227 manns þá helgina. Árangur okkar iðkenda vakti athygli eins og svo oft áður. Svava Rós varð bikarmeistari SKÍ, Guðrún Ósk í 2. sæti og Árni Helgason í 2. sæti. Svava og Árni unnu báðar greinar á Andrésarleikunum, en á þessum 48. leikum fékk SÓ 9 andrésar titla auk 14 annarra verðlauna, frábær árangur. Ekki voru síðri persónulegu sigrarnir á Andrés og frábær foreldrahópur sem áttu saman góða daga á Hótel Hálönd í góðu yfirlæti.

Haldin voru 5 skíðagöngu námskeið í samstarfi við Sigló Hótel og Ferðaskrifstofuna Mundo. Aðsókn í námskeiðin hefur dregist mikið saman og mættu til okkar um 110 manns á þessi námskeið í vetur.

Lokahóf SÓ var haldið 15.maí síðastliðinn. Þar voru veitt verðlaun fyrir félagsmót vetrarins auk þess sem skíðamenn ársins voru heiðraðir.

Matthías Kristinsson, skíðamaður ársins

Matthías Kristinsson, alpagreinamaður ársins

Þorvaldur Sveinn Guðbjörnsson, skíðagöngumaður ársins

Björk Óladóttir, skíðagöngukona ársins

Svava Rós Kristófersdóttir, skíðagöngumaður ársins 14-16 ára

Natalía Perla Kulezsa, alpagreinamaður ársins 12-15 ára

Björg Glóa Heimisdóttir, ástundun og framfarir

Sigmundur Elvar Rúnarsson, ástundun og framfarir

## Lokaorð

Skíðafélag Ólafsfjarðar lýkur hér sínu 23. starfsári. Óhætt er að segja að árið hafi verið okkur mjög gott enda langt síðan snjóalög hafa verið okkur svona hliðholl. Framundan er nú samtalið við bæjaryfirvöld um framkvæmdir í Bárubraut, en Fjallabyggð hefur samþykkt áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu og þurfum við að nýta það fjármagn sem allra best. Fjarðarhjólíð og hlaupið eru næstu stóru verkefni hjá okkur og vonandi tekst okkur að stækka áfram þá viðburði í ár.

Að lokum viljum við þakka sérstaklega þjálfurunum okkar fyrir frábært starf í vetur og þá sérstaklega Jónínu og Sunnu sem drógu ansi oft vagninn í að gera starfið okkar betra og meira. Einnig þökkum við sérstaklega Gunnari Sigvaldasyni og Báru Finnsdóttur fyrir tveggja milljón króna styrk til félagsins á síðasta ári. Árni Helgason / Helgi Reynir Árnason, Smári Vélaverktakar, takk fyrir að gera Fjarðargönguna að þeim frábæra viðburði sem hún er. Þakkir einnig til allra annarra sem styrktu okkur fjárhagslega í vetur og takk til allra okkar frábærru sjálfboðaliða sem koma að starfinu okkar, án ykkar væri þetta ekki hægt.